# FUNDARGERÐ

**6. fundur Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps**
**haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , fimmtudaginn 7. desember 2023**
**og hófst hann kl. 15:00.**

**Fundinn sátu:**
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Eydís Þ. Indriðadóttir, Kristín Hreinsdóttir, Valtýr Valtýsson, Tómas Haukur Tómasson, Jón G. Valgeirsson og Klara Viðarsdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Tómas Haukur Tómasson, embættismaður.

**Dagskrá:**

1. **Gjaldskrá Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps 2024 - 2312020**

   *Drög að gjaldskrá Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps fyrir árið 2024*

   Farið yfir drög að fyrirliggjandi uppfærðri gjaldskrá Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps. Lagt er upp með að stuðla að jafnræði í innheimtu vatnsgjalds.
   Stjórn Vatnsveitu leggur til að hefja mælavæðingu á inntökum stærri notenda, það er rekstaraðilum gisti- og veitingastaða, vatnskrefjandi búrekstrar ásamt öðrum vatnskrefjandi rekstri.
   Eins leggur stjórn til að gerð verði greining á því samhliða mælauppsetningu með hvaða hætti er möguleiki á að ná sem mestu jafnræði í innheimtu aukavatnsgjalds.
   Lagt til að gjaldská Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps hækki í samræmi við byggingarvísitölu um 5,63% að undanskildu aukavatnsgjaldi sem helst óbreytt.

   Samþykkt samhljóða.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:15.**

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

Eydís Þ. Indriðadóttir

Kristín Hreinsdóttir

Klara Viðarsd.

Kristín Hreinsdóttir

Tómas H Tómasson